Númi
stendur í ströngu

1 2 3 4 5

Þessi bók er í 5. flokki samkvæmt
þyngdarflokkun Menntamálastofnunar.

Núми stendur í ströngu

ISBN 978-9979-0-2568-9

2011 © Jón Guðmundsson
2011 © myndir: Halldór Baldursson

Bókin er gefin út í samstarfi við Slysavarnafélagið Landsbjörg sem kostaði gerð texta og mynda.

Ritstjóri: Aldís Yngvadóttir

1. útgáfa 2011
Menntamálastofnun
Kópavogi

Útlit og umbrot: Námsgagnastofnun
Prentun: Litróf ehf.

Núma leiddist.
Hann var einn í sumarbústaðnum með afa.
Pabbi, mamma og amma voru í útlöndum.
Afi nennti engu.
Hann sat bara í stólnum sínum.
– Viltu koma í sund? spurði Núma.
– Nei, ekki núna Núma minn, sagði afi.

Já, Núma leiddist.
– Hvað ertu að gera þarna í stólnum, afi?
– Ég er að hvíla mig.
Ég er í sumarfríi.
– Já, en afi, maður gerir alltaf
eitthvað skemmtilegt í sumarfríinu.
Gerðu það, komdu í sund.
– Æi, Núma ég er svo latur núna.
Svo er ég líka að hugsa svo mikið,
sagði afi.

– Hugsa?
Um hvað ertu að hugsa?
– Ég er að hugsa um allt
og ekki neitt, sagði afi.
– Já, en það er miklu skemmtilegra
að koma með mér í sund.
– Æi, ekki núna Númi minn.
Ég er svo gamall og latur.
Svona var afi.
Núma leiddist.

Hvað get ég gert?
hugsaði Númi.
Ætti ég að ýta á takkann
á reykskynjaranum?

Ætti ég að fara í heita pottinn og kalla:
HJÁLP! HJÁLP! Ég er að drukkna?
Ætti ég að fara út og þykjast vera týndur?
Þá þyrfti afi að standa upp og gera eitthvað.

Hvers vegna er varasamt að plata svona eins og Númi ætlaði að gera?

Loks fékk Númi góða hugmynd.
Hann ætlaði að búa til draugagang og hræða afa.
Þá myndi afi örugglega hoppa upp úr stólnum.

Núma náði í veiðistöngina sína,
tók veiðihjólið og þræddi línuna
í ýmsa hluti í bústaðnum.
Hann vafði henni um ljósakrónuna
og um myndir á veggjum og
í gluggatjöldin.



Hann þræddi hana líka
í gegnum höldur
á krúsum og bollum.
Afi tók ekki eftir neinu.
Hann sat bara í stólnum sínum
og hugsaði.

Það er ekkert draugalegt í björtu.
Númi ákvað að bíða eftir myrkrinu.
Þá ætlaði hann upp á loft með
veiðistöngina og toga
snöggt í línuna.
Allt myndi fara af stað.
Hávaðinn yrði gríðarlegur.

Númi ætlaði að væla eins og draugur.
Það var orðið dimmt.
Númi var kominn upp á loft
með veiðistöngina.
Hann var mjög spenntur.

Einmitt þegar hann ætlaði
að kippa í línuna
var barið að dyrum.
Númi hrökk við.
Voru þetta alvöru draugar?
Hann forðaði sér undir rúm.
Eiginlega var Númi hræddur við drauga.
Það var barið aftur.
– Er ekki einhver heima?
hrópaði kona.
Nú, hugsaði Númi, þetta er þá ekki draugur.
Hann skreið undan rúminu.

Afi hrökk í kút.
Hann stökk upp úr stólnum
og opnaði dyrnar.
Úti stóð kona í sundbol og stígvélum
með úlpu yfir axlirnar.
Hjá henni stóðu fjórir krakkar.
Þrír litlir og einn unglingur.
Unglingurinn virtist í öðrum heimi.
Hann var með heyrnartól.



Konan var æst.
– Ég þarf að komast til læknis.
Ég brenndi mig í heita pottinum.
Getur þú keyrt mig?
– Ertu búin að kæla sárið?
spurði afi. Þú veist
að maður þarf alltaf
að kæla brunasár.
– Já, já, sagði konan æst.
Ég veit, ég veit …
Getur þú keyrt mig?

– Ég skal keyra þig.
– Ó, gott, góði maður.
Komum þá krakkar, sagði konan.
– Eiga krakkarnir að koma með? spurði afi.
Ég get ekki tekið þig og krakkana í bílinn.
Þið eruð fimm og svo er það ég og Númi.
Við yrðum þá sjö í bílnum.
Það eru ekki belti nema fyrir fimm.
Ég skil Núma ekki eftir einan í bústaðnum.



Krakkarnir geta bara beðið hér.
Við verðum ekki svo lengi.
Þessi þarna getur passað þá.
Afi benti á unglinginn.
Svo fór afi með konuna til læknis
en krakkarnir urðu eftir
í bústaðnum.
Núma leist ekkert á þessa ókunnugu krakka.

Krakkarnir stóðu bara þarna í forstofunni.
Unglingurinn og þrjú lítil börn.
Hvað átti Númi að gera?
Átti hann til dæmis að segja:
Gott kvöld, ég heiti Númi,
verið eins og heima hjá ykkur?
Nei, nei, hugsaði Númi,
það yrði bara hallærislegt.
Númi þagði.
Þetta var óþægileg þögn.

Sem betur fer
tók unglingurinn sig til,
gekk inn og hlammaði sér í afastól.
Þá lifnaði heldur betur yfir hinum krökkunum.
Þau fóru að hlaupa og ærslast í bústaðnum.
Númi stóð þarna og fylgdist með
þremur litlum óþægum börnum
og unglingi í öðrum heimi.
Hvílík læti!
Númi var orðinn ansi pirraður.

Allt í einu heyrðist brothljóð úr eldhúsinu.
Hvað nú? hugsaði Númi.
Hilla með diskum lá á gólfinu,
barn lá innan um öll glerbrotin.
Það hafði skorið sig.
Annað barn hafði klifrað upp á borð
og komst ekki niður.
Númi þaut til að ná í sjúkrakassann.
Það varð að setja plástur á barnið.



Þegar Númi var að ná í sjúkrakassann
heyrðist aftur mikill hávaði.
Eitthvað gekk á í herberginu hans afa.
Númi leit inn í herbergið.
Þarna sat þriðji krakkinn, sá minnsti.
Hann hafði náð að velta um koll borðinu
með öllum pilluglösunum hans afa.
Krakkinn var að reyna að opna eitt glasið.
– Nammi, nammi, umlaði í krakkanum.

Núma brá í brún.
Ef barnið nær að opna glas
og borða pillurnar
er voðinn vís.
En barnið tísti af ánægju.
– Ég borða nammi.
Ég borða nammi.
– STOPP! hrópaði Númi.
Hann stökk að barninu
tók það upp
flýtti sér með það
út úr herberginu og læsti.
Barnið orgaði og orgaði,
skerandi hátt.

Hvers vegna er voðinn vís ef barnið nær að opna glas og borða pillur?

Hvílík börn, hugsaði Númi.
Þau kunna enga mannasiði.
En nú varð hann að setja plástur á barnið
sem hafði skorið sig.
Númi varð skelfingu lostinn
þegar hann komst loksins
inn í eldhús með
sjúkrakassann.

Hvar var barnið sem hafði orðið
undir diskahillunni?
Ekki inni í eldhúsi.
Barnið var týnt.

Númi leit grimmilega til unglingsins
sem sat bara í afastól og hlustaði á tónlist.
Af hverju gat hann ekki passað þessa grislinga?
Númi hafði engan tíma til að ergja sig
á unglingnum í stólnum.
Hvað haldið þið að hann hafi séð úti á palli?
Þriðji krakkinn var fundinn.

Hann virtist vera að flýta
sér í heita pottinn
… á brókinni einni saman.



Númi áttaði sig á hættunni.
Barnið myndi bara drukkna í pottinum.
Það kunni ekki að synda.
Hann stökk út
og rétt náði taki á brókinni
áður en barnið hoppaði
ofan í.



Númi flýtti sér inn með barnið.
Hann hlammaði því
í fangið á unglingnum.
Unglingurinn hrökk við.
– Nú getur þú passað þessi börn.
Númi var reiður.
… en hvað nú? … reykskynjarinn
fór í gang!
Númi fann brunalykt.

Hvað vantaði á heita pottinn sem hefði getað komið í veg fyrir að barnið dytti ofan í hann?

Barnið sem hafði prílað upp á borð
var að reyna að komast niður.
Það hafði fellt um koll kerti sem afi hafði kveikt á.
Borðdúkurinn var farinn að brenna.
– Slökkvitæki, slökkvitæki,
hrópaði Númi.
Númi vissi hvar slökkvitækið var.
Sem betur fer kunni Númi á tækið
og slökkti eldinn.
Barnið datt niður af borðinu og fór að gráta.
Þarna munaði litlu að kviknaði í bústaðnum.
Númi varð hræddur.
Nú var nóg komið.

Hvað gat Númi gert til að stöðva þessi börn?
Þá mundi hann eftir veiðistönginni.
Draugabrellunni.
Númi flýtti sér að slökkva ljósin, fór upp á loft
tók veiðistöngina, kippti í línuna og … viti menn
draugabrellan hans virkaði.
Hvílíkur hávaði.
Krakkarnir urðu lafhræddir.
Allt datt í dúnalogn.

Þegar afi kom til baka með konuna urðu þau hissa.
Það var brunalykt og myrkur í bústaðnum.
Afi kveikti ljós.
Fyrst sáu þau alla brotnu diskana í eldhúsinu.
Svo sáu þau unglinginn með brókarbarnið í fanginu
og barnið sem hafði dottið ofan af borðinu.
– Elsku, litlu krílin mín, sagði konan.
Kríli, hugsaði Númi.
Þetta eru algjör villikríli.
Svo kyssti konan börnin í bak og fyrir.
Mikið var Númi feginn
þegar þau voru öll farin.
Númi og afi voru lengi
að taka til og þrífa
eftir þessa furðulegu
heimsókn.
Það fannst Núma
gaman því loksins,
loksins nennti
afi að gera eitthvað.

Til kennara og foreldra

Bókin *Númi stendur í ströngu* er í senn bók til lestrarþjálfunar og til að minna á mikilvæg atriði í tengslum við slysavarnir og öryggi á heimilum. Orðaval í bókinni tekur ekki alfarið mið af því að hún er ætluð byrjendum í lestri. Því er mikilvægt að foreldrar og kennarar styðji vel við lesandann eða lesi jafnvel fyrir hann á köflum. Bókin er skreytt litríkum og fjörlegum myndum sem styðja vel við glettinn texta.

Atriði til að ræða heima og í skólanum

Brunasár – fyrstu viðbrögð. Sár þarf að kæla sem fyrst. Fyrst með köldu vatni í stutta stund en síðan með 15–20 °C heitu vatni. Einnig er hægt að nota brunagel.

Öryggi í tengslum við heita potta við heimahús eða sumarhús. Þegar enginn er í pottinum á að vera læsanlegt lok yfir honum.

Örugg geymsla lyfja. Öll lyf og eiturefni á að geyma í læstum hirslum sem börn komast ekki í. Eiturefni eru t.d. þvottaefni og uppþvottalögur.

Sjúkrakassar. Í sjúkrakassa eiga meðal annars að vera plástur, lítil skæri, flísatöng, teygjubindi, fatli, saltvatn, bómullarpinnar, grisjur, einnota hanskar og blástursgríma.

Eldvarnir á heimilum. Reykskynjarar, slökkvitæki og eldvarnarteppi er nauðsynlegur öryggisbúnaður á öll heimili.

Ábyrgð á umönnun barna – aldurstakmörk. Lögum samkvæmt mega börn undir 15 ára aldri ekki passa börn.

SMÁBÓK

Númi
stendur í ströngu

Núma leiddist í sumarbústaðnum með afa. En svo færist heldur betur fjör í leikinn. Lestu um Núma þegar hann stendur í ströngu.

SLYSAVARNAFÉLAGIÐ LANDSBJÖRG
MENNTAMÁLASTOFNUN
40309